

Fossakot & Korpukot

Skólanámskrá



Námskrá þessi er lifandi þáttur í skólastarfinu öllu. Hún er í stöðugri þróun og sífelldu endurmati.

Efnisyfirlit

Upplýsingar um leikskóla LFA	3
Inngangur	4
Leikskólanám	4
Grunnþættir menntunar	6
Læsi og samskipti.....	7
Heilbrigði og vellíðan.....	9
Sjálfbærni og vísindi	10
Sköpun og menning.....	11
Lýðræði og jafnrétti.....	12
Barnasáttmálinn og mannréttindi	13
Fræðilegur grundvöllur.....	13
Áherslur í skólastarfinu.....	15
Gæðamat.....	17
Foreldrasamstarf	18
Hagnýtar upplýsingar	19
Sérkennsla	21
TRAS – skráning á málþroska.....	22
Málörvun	22
Námskrá elstu barnanna	24
Umsögn foreldraráðs.....	27
Heimildir	28

Upplýsingar um leikskóla LFA

Leikskólinn Fossakot
Fossaleyni 4
112 Reykjavík
Sími: 586-1838
www.fossakot.is

Leikskólinn Korpukot
Fossaleyni 12
112 Reykjavík
Sími 586-1400
www.korpukot.is

Leikskólar LFA ehf. eru tveir. Það er Fossakot sem var opnaður 19. september 1997 og Korpukot sem var opnaður 19. nóvember 2001. Leikskólarnir eru aðilar að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Í hvoru húsi um sig eru fjórar deildar, tvær ungbarnadeildar, deild fyrir börn á aldrinum tveggja til þriggja ára og loks deild fyrir fjögurra til sex ára börn. Stór og rúmgóður hreyfisalur er staðsettur í Korpukoti sem er samnýttur á milli húsa.

Fossakot rúmar 80 börn samtímis og Korpukot 100 börn. Stöðugildi eru í samræmi við barngildi hvers tíma. Einn starfsmaður starfar í eldhúsi hvors skóla fyrir sig.

Leikskólarnir standa í holti sem gefur góð tækifæri til margskonar útikennslu.

Einkunnarorð okkar eru: **það er leikur að læra**. Þau eru byggð á því að börnin læri í gegn um leik og störf.

Leiðarljós okkar er; að skila til þjóðfélagsins námsfúsum og lífsglöðum börnum með jákvætt viðhorf til samfélagsins. Börnum með sterka sjálfsmynd og heilbrigða siðferðiskennd. Börnum sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu.

Inngangur

Uppeldi og menntun æskunnar eru meðal mikilvægustu verkefna hvers samfélags. Stjórnvöld setja lög um leikskóla og birta menntastefnu sem Aðalnámskrá leikskóla er byggð á (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé megin náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að ung börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluaðferð leikskólakennarans. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og mikil viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppalendur barna sinna og bera jafnframt megin ábyrgð á uppeldi þeirra.

Skólanámskráin vísar í þær leiðir og starfsaðferðir sem við styðjumst við til að efla menntun barna og stuðla að skólaþróun, gæðum og fagmennsku. Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni foreldra og kennara í leikskólanum. Markvisst var unnið að gerð þessarar skólanámskrár og stóð sú vinna yfir í tvö ár þar sem allir starfsmenn leikskólans lögðu sitt á vogarskálarnar. Leitast var við að hlusta á hugmyndir og sjónarmið barnanna og tekið tillit til þeirra. Foreldraráð leikskólans kom einnig að námskrá þessari að því leiti að koma með ábendingar sem einnig var tekið tillit til. Í þessari vinnu lögðust því allir sem koma að leikskólanum á einhvern hátt á eitt um að skapa gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi.

Leikskólanám

Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins, fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla. Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim og Aðalnámskrá leikskóla sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út.

Lög og reglugerð

Samkvæmt meginmarkmiðum laga á leikskólinn að:

- Fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- Stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- Leggja grundvöll að því að börn verið sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða er varða m.a.:

- Húsnæði, búnað og útileiksvæði
- Skipulag og hönnun
- Starfslið og barnafjölda
- Öryggismál og slysavarnir

(Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009)

Aðalnámskrá leikskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Hún er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega er hún byggð á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið á um hlutverk leikskóla. Aðalnámskrá leikskóla er einnig ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna, auk þess að tryggja jafnrétti allra barna þar að lútandi (Lög um leikskóla).

Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin *leikur – vinna – nám*. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börn þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna. Þ.e.a.s. að efla mikilvægustu þroskapætti sem samtinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og lífsviðhorf.

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir fléttast inn í námskrár á öllum skólastigum. Efnisval og inntak kennslu, leiks og náms skal mótast af grunnþáttunum. Starfshættir og aðferðir sem börn og ungmenni læra eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina. Vinnubrögð kennara og annarra sem starfa í skólum eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólustarfi. Þegar skólustarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á kennslu, leik, nám og skólustarfið í heild.

Grunnþættirnir eru:

- Læsi og sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

(Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:14).

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá því. Börn læra í gegn um leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barna í leikskólanum. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi. Þessi námssvið skarast öll að miklu leiti og haldast í hendur við daglegt starf í leikskólanum.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir félagssamskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau t.d. ýmiskonar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:42).

Markmið leikskólanna Fossa- og Korpukots er að efla málproska barnanna, auka orðaforða, efla hlustun, tjáningu, ritmáls- og hugtakaskilning, sögugerð, frásögn, bókstafaþekkingu og hlutverkaleik. Það er gert með því að lesa reglulega fyrir börnin og segja þeim spunasögur.

Börnin koma saman í stutta stund í einu tvisvar á dag í samverustundum. Þar er lögð áhersla á markvissa málörvun, rím, þulur, söng, leiki og leikræna tjáningu. Börnin koma reglulega með bók að heiman sem er lesin og skoðuð í samverustundunum, jafnframt er rætt um höfund og myndskreyti. Í lok hverrar viku koma öll börn og kennarar hvors skóla saman í sameiginlegri söngstund. Þá er einnig rætt um lífsgildablómið/tréð okkar og handbrúðan Tumi er kennurum til aðstoðar við innlögn á tmt (tákn með tali).

Læsi einn af grunnþáttunum menntunar. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Leikskólinn er í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem ljóst er að þurfa á stuðningi að halda. Tungumálið er mikilvægt tæki til boðskipta. Með tundumálinu tjáum við hugsanir, tilfinningar og fleira. Starfsfólk leikskólans leitast við að leggja góðan grunn í öllum samskiptum og vera börnunum góð málifyrirmynd. Orð eru lögð á athafnir, við nefnum heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegum samskiptum við börnin. Leikskólarnir Fossa- og Korpukot starfa eftir læsisstefnu LFA – Lesið í leik. Hægt er að nálgast læsisstefnu okkar á heimasíðum skólanna.

Markvisst er unnið með tjáningu, framkomu og framsögn til að stuðla að öryggiskennð barna, auka færni til samskipta og rökrænnar tjáningar.

Stuðlað er að ritmálsörvandi umhverfi þannig að hlutir séu merktir, ritmálið er haft sýnilegt og leitast er við að nota sama letur heilt yfir leikskólann. Í fataherbergi leikskólans er börnum og foreldrum sýnilegt ritmál á þeirra eigin tungumáli þar sem þeim er boðið góðan daginn ásamt mynd af þjóðfána þeirra. Markvisst er unnið að stafainnlögn með elsta árgangi hverju sinni. Þar er m.a. notast við kennslutækið *Lubbi finnur málbein*.

Farið er í vettvangsferðir og rætt um það sem er í umhverfinu. Lögð er áhersla á að tala vandað mál og spyrja börnin opinna spurninga sem örva gagnrýna hugsun og ígrundun.

Öll börn í leikskóla eru á leið til læsis, þau fara mishratt og ná mislangt áður en þau yfirgefa leikskólann sinn og hefja nám á nýju skólastigi.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í forvarnarstarfi leikskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir börn, starfsfólk skóla og foreldra þar sem markmiðið er að skólaganga barnanna gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:43).

Aðaláhersluatriði okkar er að hér ríki góður starfsandi og gagnkvæmt traust milli barns, foreldra og kennara. Við teljum að með því að hafa góðan skólabrag fáum við hvað mest út úr námi og starfi. Við leggjum áherslu á að tekið sé vel á móti hverju barni fyrir sig. Barnið þarf að finna sig velkomið í leikskólann svo öryggisþörf þess sé mætt. Öryggisþörfin er ein af frumþörfum barnsins og spilar stórt hlutverk í farsælli leikskólagöngu þess. Jafnframt er lögð áhersla á góð samskipti við foreldra og þeir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann. Leitast er við að mæta þörfum allra barna í skólanum.

Við leggjum áherslu á að börnin þvoi sér fyrir máltíðir og eftir salernisferðir. Hreinlæti er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans og lögð er áhersla á að gæta hreinlætis í hvívetna. Markmiðið er að börnin geti hjálpað sér sjálf á snyrtingu og skilji mikilvægi hreinlætis.

Lögð er áhersla á að börnin fái fjölbreyttan og hollan mat í leikskólanum. Matseðlar hvers mánaðar eru unnir í samráði við næringarfræðing og haft til hliðsjónar viðmið sem gefið er út af Lýðheilsustöð. Leitast er við að halda sykurneyslu í lágmarki.

Sjálfshjálp barnanna er efld með því að börnin aðstoða við að leggja á borð, auk þess sem þau skammta sér sjálf á diskana og hella í glösin sín eftir því sem aldur og þroski leyfir. Við matarborðið skapast einnig oft gott tækifæri til að spjalla saman í rólegheitum m.a. um

samsetningu máltíðanna, hollustu og fleira. Leitast er við að matmálistímarnir séu notalegar, rólegar og lærdómsríkar samverustundir. Kennarar matast með börnunum og hvetja til góðra borðsiða.

Eftir hádegisverð er slökun eða hvíld á öllum deildum. Á ungbarnadeildunum eru mörg börn sem sofa í vagni og eru við með afgirtan útipall til að skapa þeim börnum sem mest næði. Fyrir þau börn sem sofa inni eru lagðar niður dýnur og börnin koma með sitt eigið teppi að heiman, auk þess eru þau oft með bangsa eða annað sem veitir þeim öryggi og tengingu við heimili sitt.

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Lögð er áhersla á fjölbreytta og markvissa hreyfingu. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Hreyfileikir sem reyna á líkamann veita börnum útrás og hafa áhrif á heilsu, snerpu og þol, einnig reyna hlaupaleikir verulega á þrótt barnsins og úthald. Í hreyfileikjum öðlast börn skilning á styrk, getu og sjálfstraust þeirra vex. Lögð er áhersla á að börnin læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum. Í leikskólanum er stór og rúmgóður hreyfisalur. Allar deildir leikskólanna hafa salinn til afnota einn dag í viku. Áhersla er lögð á útiveru alla jafna einu sinni á dag á eldri deildum leikskólans. Í útiveru geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Í stuttum gönguferðum utan leikskólans gefst börnunum tækifæri til að æfa m.a. klifur, þol og jafnvægi með því sem náttúran hefur upp á að bjóða.

Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufrýrbæri, vísindi og tækni. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita

mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:44).

Skólaárinu hefur verið skipt niður í lotur, þar sem er að finna viðfangsefni er tengjast náttúrunni og árstíðaskiptum. Kynni barna af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þeirra. Við teljum mikilvægt að börn skynji og uppgötvi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Í Fossa- og Korpukoti er stuðlað að virðingu barna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni sem og veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Börnin kafa dýpra í viðfangsefnin, leita nýrra svara og öðlast mikilvæga þekkingu á náttúru og umhverfi og nota m.a. vísindapokann okkar sem inniheldur þar til gerð skordýrabox, stækkunargler og vasaljós. Markmið kennara er að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna. Við leggjum áherslu á heimspekilegar umræður með börnunum og ýtum undir vísindalega hugsun og aðstoðum börnin við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkjum skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Við hvetjum börnin til að uppgötva eiginleika hluta með því að gera tilraunir t.d. með litablöndun málningar, eiginleikum vatns og stærðfræðiþekking þeirra er eflað með ýmiskonar kubbum.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:45).

Í hópastarfi er markvisst unnið að sköpun með ýmiskonar efnivið og að börnin njóti sín við að skapa og tjá sig í myndlist. Lögð er áhersla á gleðina með að skapa eitthvað sjálfur. Það er gert með því að hafa að leiðarljósi vegferðina sjálfa í stað útkomunnar. Tónlistin skapar

einnig stóran sess í leikskólanáminu og markmiðið er að börnin læri söngva og texta sem skilar sér í jákvæðu viðhorfi til tónlistar. Kynnt er fyrir börnunum margskonar tónlist þar sem komið er inn á takt, hrynjanda og hljóðfæri. Með því að leggja áherslu á margskonar leiki er komið inn á leikræna tjáningu daglega. Börnin hafa frjálsan aðgang að handbrúðum þar sem þau gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Við leggjum áherslu á að börnin kynnist smám saman því samfélagi og menningu sem þau lifa í og um leið ólíkum fjölskyldugerðum og menningarheimum. Lögð er áhersla á að börnin upplifi hinar ýmsu hátíðir og hefðir í íslensku þjóðlífi og þær hefðir sem skapast hafa í leikskólanum. Í gegn um árin hafa skapast hefðir í leikskólanum sem haldið er í og má þar nefna dag leikskólans þar sem foreldrum er sérstaklega boðið velkomið að taka þátt í leikskólatafinu. Lagt er mikið upp úr afmælisdögum barnanna þar sem dagur hvers og eins er gerður þeim sérstakur og m.a. fá þau að velja sér borðbúnað og vera kennurum sérstaklega innan handar.

Tvisvar á ári er haldin listavika þar sem börnum og kennurum leikskólans er blandað saman og unnið er að ýmiskonar listsköpun. Tilgangur blöndunarinnar er að ýta undir hjálpssemi og samkennd meðal barnanna þar sem þau eldri aðstoða yngri með ýmiskonar verkefnavinnu.

Lýðræði og jafnrétti

Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2012:35).

Lögð áhersla á að kenna börnum hvað hugtakið lýðræði þýðir og lýðræðisleg vinnubrögð. Vinátta og samvinna barna stuðlar að hæfni þeirra til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Við leggjum áherslu á að börnin læri að hlusta á aðra og virða skoðanir annarra, að þau læri að skiptast á og gefa eftir og takast á við vandamál og leysa ágreining. Með yngstu börnunum er lýðræðinu mætt með stöðvavinnu. Þá er kennari á hverri starfstöð og börnin stjórna sjálf hvert þau fara og hversu lengi þau eru á stöðinni. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum ættu að vera hindranir í vegi annars hvors kynsins. Við erum með stöðvavinnu þar sem kennarar eru á starfstöð og börnin í daglegu starfi er einnig í lögð áhersla á að

börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðrum, þrói með sér umbyrðarlyndi, samkennd, hjálpsemi og tillitsemi. Kennarar skólans starfa eftir jafnréttisáætlun LFA. Hægt er að nálgast jafnréttisáætlunina á heimasíðu skólans á slóðinni www.fossakot.is og www.korpukot.is

Barnasáttmálinn og mannréttindi

Barnasáttmálinn er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Hann hefur verið staðfestur af 192 aðildarríkjum og er því sá samningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum. Barnasáttmálinn var fullgildur fyrir Íslands hönd árið 1992 og felur fullgildingin í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar hinna fullorðnu. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og aðra sem vinna með börnum (Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Börnin eru hvött til að segja sínar skoðanir og hafa áhrif á starfið í leikskólanum sínum. Kennarar eru meðvitaðir um innihald Barnasáttmálans og réttindi barna. Í miðju skólans hangir stórt veggspjald með styttri útgáfu hans. Samkvæmt 29. grein Barnasáttmálans um markmið menntunar á menntun að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi.

Læsisstefna LFA

Fræðilegur grundvöllur

Sú hugmyndafræði sem við höfum til hliðsjónar

John Dewey (1859-1952) var einn áhrifamesti heimspekingur og menntunarfræðingur Bandaríkjanna á fyrri hluta 20. aldar. Raunar náðu hugmyndir hans langt út fyrir landsteina Bandaríkjanna því hann hafði mikil áhrif í Evrópu og hafa hugmyndir hans lifað góðu lífi eftir hans daga. Enn í dag má telja Dewey einn áhrifamesta hugsuð Vesturlanda á sviði heimspeki og menntunar.

Þeir þættir sem John Dewey leggur mesta áherslu á, er að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu, eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla barnsins er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu. Mikilvægt er að skapa lífandi tengsl milli skóla og samfélags (Gestur Guðmundsson, 2008:43). Það á ekki að vera munur á hvað eða hvernig lært er í skólum eða utan þeirra, þessir heimur eiga að nálgast hvor annan. Dewey leggur jafnframt áherslu á að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning.

Eftir kenningu Deweys má skipta áhugasviði barnsins í fjóra þætti:

- Áhugi á samræðum og samveru (byggt á félagslegri eðlishvöt)
- Áhugi á að rannsaka og uppgötva
- Áhugi á að framkvæma (búa til hluti, skapa og setja saman)
- Áhugi á listrænni tjáningu (tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu)

Dewey vill sjá nám og hugsun sem heild, nám á ekki að vera bútað niður í einangraða hlutaþekkingu, en reynsla, tilraunir, samvinna og hæfileikinn til að meta eru allt þættir sem styrkja og efla barnið í leit sinni að niðurstöðu (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010:65). Hann segir jafnframt að leikurinn sé leið til menntunar og þroskar þar sem börnin eru virk og skapandi í leik sínum. Skapandi hugsun barnanna vekur áhuga þeirra sem leiðir til nýrrar hugsunar, börnin læra af reynslu en ekki kennslu.

Skapa þarf börnum uppeldisumhverfi sem örvar þau. Hæfilega erfið viðfangsefni efla virka hugsun. Umhverfi barnanna er mikilvægt í huga Dewey, hann segir kennarann bera ábyrgð á að gera það hvetjandi fyrir vöxt og þroska þeirra auk þess sem það er öruggt og vel skipulagt. Jafnframt þarf að sjá til þess að kennslugögn séu auðug, breytileg og sveigjanleg.

Mikið byggist á þekkingu og reynslu kennarans því hann á að vera vinsamlegur samstarfsaðili barna og leiðbeinandi í sameiginlegum verkefnum. Kennarinn hvetur barnið til að reyna nýja hluti, hann notar opnar spurningar og leiðir það áfram svo það komist sjálft að niðurstöðu (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010:173). Það er mikilvægt að barnið megi gera mistök svo það geti lært af þeim án þess að barnið fái á tilfinninguna að það sé misheppnað.

Dewey leit á skóla sem samfélag í smækkaðri mynd og taldi að í lýðræðisþjóðfélagi ættu skólar að veita börnum tækifæri til að upplifa lýðræði í raun innan veggja skólans. Hann taldi að lýðræði væri byggt á félagslegri samvinnu sem byggist á rækt við sameiginlega hagsmuni samfélagsins og viðurkenningu á gagnkvæmum hagsmunum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008:122).

Áherslur í skólastarfinu

Lífsgildin

Rauði þráðurinn í starfi leikskólans er Lífsgildablómið í Korpukoti og Lífsgildatréð í Fossakoti. Útfærslan í Korpukoti er blóm með fimm krónublöð og hefur hvert krónublað að geyma eitt lífsgildi. Í Fossakoti er útfærslan Lífsgildatré, þar sem lauf þess geyma lífsgildin. Þetta eru vinátta, virðing, hjálpsemi, kurteisi og samkennd. Hvert lífsgildi ræktum við með okkur tvo mánuði í senn. Á því tímabili sem hvert lífsgildi er tekið fyrir er krónublaði/laufi snúið við og í ljós kemur hvaða lífsgildi verður lögð höfuðáhersla á, á því tímabili. Laufblað við hlið blómsins/trésins vísar á það lífsgildi sem við æfum okkur í hverju sinni. Í lok skólaárs eru öll krónublöðin/laufin þakin lífsgildum sem hlúa þarf vel að til að blómið vaxi og dafni, eins og við viljum að börnin geri. Nýtt lífsgildi er afhjúpað í sameiginlegri söngstund og innleidd eru lög í barnahópinn sem innihalda þau hugtök sem við vinnum með hverju sinni.

Við leggjum áherslu á lífsgildin markvisst með börnum leikskólans í samverustundum þar sem börnin geta tjáð sig og sínar skoðanir um hvað hvert lífsgildi felur í sér. Einnig rúmast lífsgildin innan allra námssviða, tækifærin eru allstaðar. Á ungbarnadeildum eru lífsgildin lögð inn í daglegum samskiptum eins og aldurssvarandi þroski og geta leyfir. Eftir því sem börnin þroskast yfirfæra þau þekkingu sína og hugtakaskilning lífsgildablómsins/lífsgildatrésins í félagsleg samskipti sín á milli og almennt.

Lífsgildablóm Korpukots



Lífsgildatré Fossakots

Tákn með tali

Á öllum deildum leikskólans er lögð áhersla á tákn með tali (tmt) og hafa flestir kennarar fengið faglega ráðgjöf um notkun þess. Tmt er tjáskiptaleið ætluð heyrandi fólki sem á við mál- eða talörðugleika. Tmt byggist m.a. á samlandi af táknum og tali. Táknin eru alltaf notuð samhliða tali og er lykilorð hverrar setningar táknað.

Tmt hjálpar börnum á máltökualdri þar sem notkun tákna hægir á tali kennara og hefur reynst börnum með slakan málskilning vel, þar sem þau eiga erfiðara með að vinna úr töluðu máli. Við teljum tmt vera góða viðbót við málörvun barnanna í leikskólanum á máltökualdri þeirra.

Hver deild er með tákni fyrir sig og jafnframt á leikskólinn sér tákni. Áhersla er lögð á að kynna fyrir nýjum börnum og foreldrum þau tákni, sem og að viðhalda kunnáttunni hjá þeim börnum sem fyrir er. Tmt-verkefnastjóri hefur umsjón með að vinnan með tákni sé markviss og að samræmi sé á milli deilda. Leikskólarnir eiga stórar handbrúður sem eru vinsælar á meðal barnanna. Handbrúðurnar eru notaðar í sameinginlegum söngstundum vikulega og kenna okkur m.a. tákni við ýmis lög.

Gæðamat

Mat á skólstarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem börn og kennarar leikskólans framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem framkvæmt er af utanað komandi aðila og kallast það ytra mat.

Innra mat

Sjálfsmat er ferli sem hjálpar til við að meta gæði menntunar og uppeldis í leikskólanum. Það miðar m.a. að því að fá fram vitneskju um það hvar við stöndum og gefur okkur tækifæri á að gera markvissa umbótaáætlun. Við mat á innra starfi leikskólans er notast við gæðamatskvarðann *Barnið í brennidepli*. Allir þeir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf barnanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá börnin til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning.

Ytra mat

Könnun á viðhorfi foreldra til leikskólstarfsins er send rafrænt frá SFS (Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur). Er hún þáttur í gæðamati LFA og er hagnýtt tæki fyrir okkur stjórnendur og kennara til að meta innra starf og fá vitneskju um væntingar foreldra til leikskólans.

Foreldrasamstarf

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er ókunnugt og því mikilvægt að staðið sé vel að öllu samstarfi í upphafi. Þáttur í því er að foreldrum nýrra barna er boðið á kynningarfund í lok maí eða byrjun júní ár hvert. Þar fá foreldrar allar helstu upplýsingar um starfið, ásamt því að hitta starfsfólk deildanna og aðra foreldra. Þá er einnig boðið upp á að foreldrar velji sér dag og tíma til aðlögunar. Með slíkum fundi teljum við að lagður sé grunnur að góðu foreldrasamstarfi. Einnig leggjum við áherslu á gott foreldrasamstarf í gegnum dagleg samskipti.

Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldinn árlega að hausti. Þá er starfsáætlun komandi skólaárs kynnt fyrir foreldrum og farið yfir starf leikskólans og markmið. Þá gefst foreldrum einnig tækifæri til að spyrja spurninga og afla sér upplýsinga um leikskólann.

Foreldraviðtöl

Við veitum foreldrum einkaviðtal í febrúar og oftast ef óskað er. Deildarstjóri upplýsir foreldra um stöðu og líðan barns í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar á athugunum á færni barnsins og þroska í leik og starfi í barnahóp. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri á að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Kennarar eru einnig tilbúnir að veita ráðgjöf og upplýsingar eftir því sem við á hverju sinni.

Dagur leikskólans

Á degi leikskólans er foreldrum boðið í leikskólann og að taka þátt í starfinu með okkur. Með þátttöku foreldra og léttu spjalli um starfið og það sem því tengist erum við að skapa grundvöll og hvetja til félagslegra samskipta milli foreldra annars vegar og foreldra og kennara hins vegar að því marki er viðkemur starfsemi leikskólans.

Foreldrafélög

Í hvorum leikskóla fyrir sig er starfandi Foreldrafélag. Þau hafa það að markmiði að virkja samstarf heimilis og leikskóla með ýmsum viðburðum. Stjórnir foreldrafélaganna einsetja sér

að skipuleggja öflugt og gjöfult starf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Má þar m.a. nefna sveitaferðina sem er á laugardegi og þeir foreldrar sem eiga þess kost fara með börn sín í heimsókn á sveitabæ nálægt borginni þar sem við kynnumst húsdýrum. Nánar má kynna sér starfsemi foreldrafélaganna á heimasíðu leikskólanna, www.fossakot.is og www.korpukot.is þar sem krækja er inn á þeirra síðu.

Foreldraráð LFA

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá á ráðið einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í nýtt foreldraráð á árlegum foreldrafundi að hausti.

Hagnýtar upplýsingar

Upplýsingaflæði

Leikskólarnir halda úti heimasíðum á veraldarvefnum á vefslóðunum www.fossakot.is og www.korpukot.is Þar má m.a. nálgast upplýsingar um viðburði sem eru á vegum leikskólans, starfið, matseðla, söngtexta og ýmiskonar áætlanir. Myndir af starfinu má finna á heimasíðum okkar, við gætum þess þó að nöfn barnanna komi hvergi fram og við förum þess á leit við foreldra að þeir láti okkur vita ef þeir vilja biðjast undan myndbirtingu barna sinna. Jafnframt er mikið notast við samskipti í tölvupósti til foreldra þar sem viðburðir eru auglýstir og fl. Einnig eru daglega skráðar upplýsingar um líðandi dag á upplýsingatöflu fyrir framan hverja deild sem og dagatal yfir mánuðinn. Nánari upplýsingar um hvert og eitt barn eru skráðar á hverri deild um m.a. hvernig barn mataðist, hvíldist og fleira persónulegt.

Trúnaður og tilkynningarskylda

Allt starfsfólk leikskólans er bundið trúnaði og helst sá trúnaður þó látið sé af störfum hjá LFA ehf. Öllu starfsfólki leikskólans ber skylda til að tilkynna til barnaverndarnefndar skv.

barnaverndarlögum nr. 80/2002 ef hagsmunum barna er ógnað á nokkurn hátt, s.s. ef grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi. Skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 gengur tilkynningarskylda framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Starfsáætlun

Starfsáætlun er unnin fyrir hvert leikskólaár og tekur gildi frá 1. september ár hvert. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna kennurum, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verið að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar og svo fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Veikindi og slys á börnum

Ef barn veikist og fær hita þarf það að dvelja heima þar til það er hitalaust. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitsemi við önnur börn.

Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni. Ekki er hægt að hafa börnin inni nema í tvo daga samfelld eftir veikindi. Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma.

Veikist barn eða slasast í leikskólanum er strax haft samband við foreldra og brugðist við hverju tilfalli eftir bestu vitund. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi kennara skólans ef breytingar verða á símanúmerum svo hægt sé að hafa samband sem fyrst.

Lyfjagjöf

Kennarar leikskólans mega ekki gefa börnunum lyf. Ef barn þarf á lyfjum að halda, ber að haga lyfjagjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning er gerð þegar um er að ræða lyf sem eru tekin að staðaldri eða astmalyf.

Sérkennsla

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á sérkennslumálum í leikskólanum, hans hlutverk er að leiðbeina kennurum og foreldrum og halda utan um þau börn sem einhverra hluta vegna þurfa sérstuðning. Hann skipuleggur teymisfundi ásamt foreldrum, kennurum og sérfræðingum. Einnig getur hann gert formlega athugun á þroska barnsins í skólanum með viðeigandi þroskaprófum eða matstækjum. Sú vinna er gerð með samþykki og í samvinnu við foreldra.

Ef grunur vaknar um einhver þroskafrávik hjá barni ber kennurum barnsins að hlutast til um málið. Þetta á einnig við ef kennarar telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leyti þroskamöguleikum þess.

Nám án aðgreiningar

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni sem hæfir aldri og þroska þess. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barna bindi þau vináttuböndum og í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Börn með frávik í þroska fá sérkennslu og öllum börnum mætt á þeirra eigin forendum. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og þurfa sértæk úrræði eiga rétt á aðstoð og þjálfun í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalarinnar til jafns við önnur börn og skapa aðstæður til að barnið þroskist sem best í daglegu starfi og einstaklingsþjálfun undir handleiðslu sérkennslustjóra og kennara.

Mikilvægt er að markviss íhlutun hefjist strax og grunur vaknar, að ekki sé beðið staðfestingar á þroskafráviki. Sérkennslustjóri kemur þar strax að málum í samvinnu við kennara barnsins. Í foreldraviðtali er leitað eftir samþykki og samstarfi við foreldra og rætt hvaða leiðir eru færar til að örva þroska barnsins. Leikskólinn er í samstarfi við þjónustumiðstöð hverfisins, Miðgarð, og getur leitað eftir aðkomu ýmissa sérfræðinga sem þar starfa s.s. talmeinafræðings, hegðunarráðgjafa og sálfræðings. Viðkomandi sérfræðingur gerir þá formlega athugun á þroskastöðu barnsins og notar til þess viðeigandi þroskaþróf eða matstæki. Slíkt mat getur farið fram með þátttöku foreldra og kennurum barnsins. Foreldrar eru því næst upplýstir um niðurstöður athugana og vinna með barninu skilgreind nánar í samvinnu við foreldra og kennara. Þegar börn sem notið hafa sérkennslu færast yfir á næsta skólastig eru haldnir skilafundir með starfsfólki nýja skólans ásamt foreldrum þar sem farið er yfir stöðu barnsins.

TRAS – skráning á málþroska

Málþroski er mikilvægur hluti af almennum þroska barns. Bæði á ungbarnaskeiði og seinna þegar skólaganga hefst er málfærni þungamiðjan í þroska þess. Markvissar skráningar eru á málþroska allra barna í Fossa- og Korpukoti að gefnu leyfi frá foreldrum/forráðamönnum. TRAS er hnitmiðað og marktækt tæki til að skrá skipulega niður málþroska hjá börnum á leikskólaaldri. Skráning er framkvæmd tvisvar sinnum á ári frá 2,3 ára aldri. Þegar skráningar hafa verið framkvæmdar gefa þær vísbendingar um hvar barn er stadd í málþroska á ákveðnum tímamarki og einnig glögga mynd af þróun málþroskans. Góður málþroski skiptir miklu máli m.a. fyrir andlegan þroska barns, félagslega líðan og lestrartileinkun síðar. Snemmtæk íhlutun sem er byggð á faglegri og markvissri athugun getur komið í veg fyrir hugsanlega erfiðleika síðar á þroskaferli barns. Einungis fagfólk með tilskilin réttindi leggja fyrir TRAS.

Málörvun

Í leikskólanum er lögð áhersla á málörvun og notum við allar athafnir í daglegu starfi til þess að örva málþroska. Tungumálið er eitt mikilvægasta tækið okkar til boðskipta. Með því tjáum við hugsanir okkar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri

er lagður mikilvægur grunnur að málþroska barna. Segja má að ýmiskonar málörvun sé rauði þráðurinn í gegnum allt leikskólastarfið.

Í fataherbergi leikskólans eru börnum og foreldrum sýnilegt ritmál á þeirra eigin tungumáli þar sem þeim er boðið góðan daginn á þeirra eigin tungumáli ásamt þjóðfána þeirra. Við teljum að með þessu þyki öllum sem hingað koma þeir vera velkomnir í leikskólann. Lögð er áhersla á að barnið aðlagist barnahópnum vel og félagsþroski og sjálfsmynd þess eflid. Við tökum tillit til trúarbragða og annara menningaheima, m.a. með umræðum í barnahópnum um siði og menningu annara þjóða. Í leikskólanum er lögð áhersla á skilvísa málörvun með þeim börnum sem teljast þurfa á henni að halda. Á foreldrabókasafni leikskólans liggur fyrir upplýsingarit um tvítyngi á átta tungumálum og þar er algengustu spurningum foreldra svarað. Einnig er ýmiskonar efni aðgengilegt á vefsíðunni www.allirmed.is sem getur auðveldað samskipti milli foreldra og kennara. Tvítynngdir kennarar leikskólans geta túlkað fyrir foreldra þegar sá möguleiki er fyrir hendi í foreldraviðtölum. Foreldrar geta einnig óskað eftir túlk m.a. frá Alþjóðahúsi, InterCultura Ísland eða Fjölmenningssetrinu. Ávallt er haft samráð milli kennara og foreldra þegar túlkur er valinn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Námskrá elstu barnanna

Í starfi okkar með elstu börnunum vinna kennarar eftir skólanámskrá LFA, starfsáætlun auk sérverkefna. Elstu börn í Fossa- og Korpukoti koma saman a.m.k. einu sinni á dag í klukkutíma í senn þar sem unnið er að verkefnum sem hæfa aldri og þroska þeirra hverju sinni. Í leikskólanum er skólastofa sem er notuð í þessa kennslu. Skólaárinu er skipt í átta einingar þar sem aukin áhersla er lögð á ákveðna hluti umfram aðra.

Einingunum er skipt á þennan hátt:

- Lýðræði

Í elsta árganginum æfum við okkur í lýðræði og kynnum fyrir börnunum hvað felst í hugtakinu. Það er meðal annars gert með lýðræðislegum fundum þar sem fundarstjóri heldur utan um umræðuefni fundarins og sér um að allir fái að segja sína skoðun og sameiginleg ákvörðun um mikilvæg mál er tekin í lok fundar á lýðræðisgrundvelli. Elstu börnin eru einnig meðvituð um lýðræði í samskiptum sín á milli og áhersla er lögð á að þau læri að eiga uppbyggileg og sanngjörn samskipti sem skilar sér í sterkari meðvitund um eigin ákvarðanarétt, þarfir og tilfinningar.

- Barnasáttmálinn

Í umræðum um barnasáttmálann sem á sér stað í skólastofunni og starfi með elstu börnunum er farið í ýmis ákvæði barnasáttmálans sem miðar að því að börnin eru meðvituð um um rétt sinn sem og skyldur í garð hvors annars og samfélagsins í heild.

- Lýðheilsa

Áhersla er lögð er lögð á almenna lýðheilsu. Ýmis verkefni eru unnin með elstu börnum leikskólans sem tengjast m.a. hollustu, heilbrigði og almennri vellíðan. Við æfum með þeim ýmsar almennar upplýsingar úr nærumhverfi barnanna, þar má nefna, hvað foreldrar heita fullu nafni, símanúmer og heimilisföng þeirra.

- Vettvangsferðir

Vettvangsferðir í nær- og fjærumhverfi eru farnar að meðaltali tvisvar í mánuði. Ferðirnar eru ávallt farnar með fræðslugildi í huga og má þar nefna ferðir á ýmiskonar söfn sem

tengjast listum, menningu og vísindum, ferðir sem gefa innsýn inn í ákveðnar atvinnugreinar í samfélaginu og einnig er þess gætt að allar ferðir hafi skemmtanagildi sem hæfir aldri og þroska elstu barna leikskólans. Verkefni eru einnig unnin í tengslum við ferðir sem farnar eru. Til dæmis tengjum við verkefni um gamla tímarn við ferð á Þjóðminjasafnið og höfum farið í Sorpu þar sem kynnt er eyðing sorps og uppruni pappírs svo eitthvað sé nefnt. Almenningssamgöngur eru oftast notaðar í vettvangsferðum og í einstaka tilfellum leigjum við rútu.

- Undirbúningsnám fyrir næsta skólastig

Við eflum hljóðkerfisvitund markvisst í starfi með börnunum í Fossa- og Korpukoti. Markmið okkar er að undirbúa börnin eins og best verður á kosið fyrir lestrarnám til framtíðar. Það gerum við með að kynna fyrir börnunum rím, samstöfur, hljóðamyndun og samsetningu hljóða ásamt bókstöfum Lögð er áhersla á einn bókstaf í um tvær vikur í senn og unnið með hann á margvíslegan hátt. Við finnum orð sem innihalda bókstafinn, æfum okkur að skrifa hann og sköpum hann með ýmiskonar leikefni. Námsefnið *Lubbi finnur málbein* er m.a. notað við innlögn bókstafa.

Við æfum fjöldahugtök með börnunum, leggjum grunninn að góðri stærðfræðipækkingu og vinnum einstaklingsverkefni sem hæfa getu hvers og eins. Við vinnum ýmiskonar verkefni sem tengjast almennri þekkingu á sviði vísinda, náttúrufræði, samfélagsfræði og lista og reynum að fylgja áhugasviði barnanna að mestu leyti.

- Logi og Glóð

Elstu börnin eru í góðu samstarfi við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og yfirfara þau brunavarnir skólans á tveggja mánaða fresti. Þau ganga um húsið með tékklista og afhenda leikskólustjóra listann undirritaðan af þeim sjálfum við lok hverrar skoðunar.

Hljóm-2

Skimunin er í leikjaformi orða og hljóða og byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna í leikskólanum í byrjum hauststarfs.

Leikirnir sem lagðir eru fyrir tengjast; rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20 mínútur fyrir hvert barn. Einungis fagfólki með tilskilin réttindi í HLJÓM-2 er heimilt að leggja skimunina fyrir börn.

Rannsóknir sýna fram á að niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir lestrarörðugleika síðar og jafnframt mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður. HLJÓM-2 er lagt fyrir í upphafi október ár hvert og aftur í janúar ef þörf er á.

Hefðir elstu barna leikskólans

Sú hefð hefur skapast að elstu börn skólans æfa helgileik í desember sem þau flytja svo í foreldrakaffi leikskólans á aðventunni. Elstu börnin bera einnig ábyrgð á að jólatréð sé tilbúið og fallega skreytt fyrir jólaballið, að sjálfsögðu er það líka í þeirra verkahring að taka það niður og ganga frá því í lok jólahátíðar. Útskrift elstu barna er haldin hátíðleg í maí auk þess sem elsti árgangurinn fer í útskriftarferð í lok skólaárs.

Umsögn foreldraráðs

Skólanámskrá leikskólans er ítarleg, vel og lipurlega skrifuð. Hún gerir áherslum skólans góð skil og bakgrunnur hugmyndafræði leikskólans er útskýrður. Skólanámskráin er í góðu samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Grunnþættir menntunar eru vel útskýrðir og dæmi um alla þættina tekin um dagleg störf leikskólans.

Foreldraráð er sammála um að þetta gefi góða mynd af daglegum athöfnum og starfi sem fram fer í leikskólanum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. 2012. (Reykjavík), Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna (e.d.). *Um Barnasáttmálann*. Sótt 24. júní 2014 af <http://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Dewey, John. 2010. John Dewey í hugsun og verki Menntun, reynsla og lýðræði. Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (Ritstj.), *Sannfæring mín um menntun*. Gunnar Ragnarsson (Þýð.). Reykjavík. Háskólaútgáfan.

Gestur Guðmundsson. 2008. *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík, Skrudda.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi. Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (ritstj.). *Þátttaka barna*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Reglugerð um starfsumhverfi nr. 655/2009